

Aukaaðalfundur Tónlistarskóla Árnésinga bs. 14. apríl 2026

Inngangur

Tímamót og litið um öxl

Það verða tímamót núna í vor þegar skólastjóri og aðstoðarskólastjóri láta bæði af störfum sem stjórnendur eftir aldarfjórðung á þeim vettvangi. Ég var ráðin sem aðstoðarskólastjóri árið 2000 með Róbert A. Darling skólastjóra og Jóhann I. Stefánsson ráðinn millistjórnandi á skrifstofu 2001. - Ég var svo ráðin skólastjóri og Jóhann aðstoðarskólastjóri í janúar 2018.

Þessi 25/26 ár í skólastjórnun hefur verið tími mikilla breytinga á ýmsum sviðum og gaman að líta aðeins yfir farinn vel. Árið 2000 tók ný *Aðalnámskrá tónlistarskóla* gildi (sem þarfnast reyndar sárlega endurskoðunar núna). Ári seinna 2001, voru gerðir *kjarasamningar* við tónlistarskólakennara. Hvort tveggja hafði mikil áhrif á starfsemi tónlistarskóla.

Þarna um þúsaldarmótin var tölvueign og *tölvunotkun* að verða almenn, en *tölvupóstar* voru á byrjunarreit svo kennarar fengu upplýsingar í bréfapósti. Breyting úr pappír í rafrænt umhverfi hefur eins og annars staðar haft gríðarleg áhrif á skólastarfið. Er þá í raun allt undir, þ.e. kennsla, stjórnun og skrifstofustörfin.

Við erum svo lánsöm að til starfa í Tónlistarskóla Árnésinga hefur valist einvala lið metnaðarfulls og vel menntaðs fagfólks sem hefur ljáð skólanum krafta sína árum saman. Það sem hefur einkennt starfið eru góð og hvetjandi samskipti og samvinna starfsfólks, sem smitast um allan skólann. Kennarar lyfta grettistaki í störfum sínum alla daga og má þess víða sjá merki. Stærstu viðburðir skólans verða ekki settir á svið nema með sameiginlegu átaki þar sem allir hjálpast að. Má þar nefna stórtónleika og óperuuppfærslur t.d. *Töfraflautunnar* 2016 og „*Alskynsóperunnar*“ 2019, *Lög Gunnars Þórðarsonar* 2022 og 70 ára afmælishátíð Tónlistarskóla Árnésinga núna í haust 2025. Á öllum þessum stórviðburðum hafa komið fram um 120 – 250 nemendur og áheyrendur verið 300 - 500 talsins. Svo var ekki lítið ævintýri að fá að taka þátt í „*Burtu með fordóma*“ tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Suðulands í maí sl. Þar tóku um 100 nemendur tónlistarskólans þátt og léku með Gunna og Felix, leikskólabörnum og hljómsveitinni (sem er að mestu skipuð kennurum skólans). Flytjendur á sviði voru alls um 220 talsins og áheyrendur um 700!

Það er gaman að rifja upp svona stórviðburði, en svo eru það auðvitað öll litlu, mikilvægu og dýrmætu skrefin sem stigin eru alla daga í skólanum (í kennslustundum, í samspilstímum, á litlu tónleikunum) sem skipta mestu máli - öðruvísi kæmi þetta ekki til.

Hvatning og brýning til framtíðar

Húsnæðismál skólans – menning/mannfjöldatölur – biðlistinn

Húsnæðismál skólans eru almennt í góðu lagi, en á Selfossi þrengir mjög að. Þar þarf að bregðast við í nánustu framtíð og um leið að líta af myndarbrag til framtíðar.

Heimili menningar. Við eigum okkar frábæru félagsheimili og kirkjur, en aðstaða til stórra viðburða eins og nefndir voru hér að ofan, er alls ekki nógu góð og í engu samræmi við allt menningarstarfið í sýslunni. Við erum orðin stórt samfélag þar sem huga þarf að innviðum vegna menningarstarfsemi í samræmi við íbúabróun. Við erum að tala um tónleikahald, óperusýningar og söngleiki á vegum tónlistarskólanna, kóranna (sem eru fjölmargir), Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands auk utan að komandi gesta, leiksýningar, danssýningar o.fl.

Ef við tækjum ákvörðun í dag um að byggja menningarhús og það tæki 10 – 11 ár að koma því á koppinn eins og var með Hof á Akureyri, þá veitir okkur ekki af að ýta verkefninu strax af stað. - Ef við byrjum ekki ferlið strax verður aðstöðuleysið enn sársaukafyllra. – Nánar um það síðar.

Mannfjöldatölur

Ef við lítum til **íbúafjölda á Akureyri** þegar ákvörðun um byggingu Hofs var tekin 1999, var íbúafjöldi þar **15.442**. Þegar Hof var tekið í notkun 11 árum síðar (2010) var íbúafjöldi á Akureyri **17.537**.

Íbúafjöldi í Árborg er núna (1.1.2026) **12.671** og í **Árnessýslu** allri **23.353**. Ef við miðum við sömu fjölgun íbúa í Árborg á næstu 10 árum eins og verið hefur sl. 10 ár (56%), þá verða íbúar í Árborg orðnir **19.767** árið 2035 (fleiri en á Akureyri þegar Hof var tekið í notkun) og íbúar í Árnessýslu allri **34.632** (m.v. 48% fjölgun sl. 10 ár).

Ég hvet ekki aðeins Sveitarfélagið Árborg, heldur líka önnur sveitarfélög í Árnessýslu til að leggjast á árarar og huga að aðbúnaði fyrir okkar gróskumikla menningarlíf í nærtíma.

Biðlistinn 9.4.2026

Í **Árborg** eru 60 nemendur á biðlista og vantar sárlega fleiri klukkustundir til kennslu, svo ganga megi á biðlistann og ráða fleiri kennara til starfa.

Í **Hveragerði** eru 18 á biðlista. Skólinn fékk viðbót 1.1.2026 sem ekki tókst að nýta að fullu þar sem allt er í föstum skorðum um miðjan vetur. Viðbótin verður örugglega fullnýtt í haust.

Ölfus: eru 7 á biðlista – Nægur tími er til ráðstöfunar hjá sveitarfélaginu, en ekki tekist að bæta á kennara, öllum nýjum nemendum sem dottið hafa inn í vetur.

Bláskógabyggð: 1

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: 1

Grímsnes- og Grafningshreppur: 1

Nýir og spennandi tímar – nýjar áskoranir

Nú taka við spennandi tímar við með nýjum stjórnendum og ferskum vindum. Umsóknarfrestur vegna skólastjórstöðunnar rennur út í dag 14. apríl og um leið fer í loftið auglýsing eftir nýjum aðstoðarskólastjóra. Verður spennandi að sjá þróun skólans í nýjum höndum.

Dagleg verkefni stjórnenda eru fjölmörg og áskoranir sem nýir stjórnendur standa frammi fyrir margar. Ein stærsta áskorunin sem ég sé fyrir mér, verður án efa það sem ég hef áður minnst á, vöntun á tónlistarkennaramenntun á Íslandi sl. 25 ár og aldurssamsetning kennarahópsins. Af 38 kennurum Tónlistarskóla Árnesinga eru 18 sextíu ára og eldri (47%), sem segir okkur að reikna megi með að flestir þeirra verði farinn á eftirlaun eftir sjö ár. - Þetta er ekki bara vandamál sem við stöndum frammi fyrir hér, heldur er þetta vandamál á landsvísu.

Blómlegt vetrarstarf 2025 – 2026 – stiklað á stóru

Landsmót strengja- og blásarasveita voru haldin í október 2025. 16 strengjanemendur sóttu strengjamót á Akranesi og níu blásaranemendur úr Þorlákshöfn tóku þátt í landsmóti skólalúðrasveita í Reykjavík ásamt kennurum sínum. Það er mjög eflandi og hvetjandi fyrir nemendur að upplifa og fá tækifæri til að spila í stórri hljómsveit og stóðu nemendur sig afskaplega vel.

Hátíðartónleikar sem haldnir voru í íþróttahúsinu á Laugarvatni í tilefni af 70 ára afmæli Tónlistarskóla Árnesinga, settu mikinn svip á haustönnina. Undirbúningur hófst sl. vor og æfingar hljómsveita, samspilshópa og kóra í öllum deildum skólans fóru af stað strax í haust. Þann 15. nóvember var svo komið að stóru stundinni. Um 250 nemendur og allir kennarar skólans tóku þátt og fluttu tónlist sem að mestu var eftir tónskáld úr Árnessýslu. Á milli fengu áheyrendur fróðleik um verkin og sögu skólans frá upphafi. Um 500 áheyrendur hlýddu á og glöddu okkur með nærveru sinni.

En það þurfti ekki aðeins margra mánaða tónlistarlegan undirbúning svo allt væri tilbúið fyrir þennan stórviðburð. Það þurfti nefnilega að flytja allan búnað frá Selfossi og undirbúa íþróttahúsið á Laugarvatn svo þetta gæti orðið að veruleika. Það er lýsandi fyrir hve samhentur kennarahópurinn er að það skuli alltaf ganga á stórviðburðum, að fá allt starfsfólkið til að leggjast á árarar og vinna verk sem taka bæði langan tíma og eru heilmikið púl. Á Laugarvatni þurfti að teppaleggja íþróttasalinn og hengja upp „drapperingar“ á veggina, setja upp svið og stilla upp stólum bæði fyrir flytjendur og áheyrendur. Við þurftum flutningabíl til að ferja stólana (300 stk.) fyrir flytjendur og áheyrendur (til viðbótar við hörð og óþægileg stúkusetin) og annan bíl til að flytja öll hljómborðin og trommurnar auk þess sem bílar kennaranna voru yfirfullir af hljóðfærum og búnaði sem til þurfti. Svo nemendur fengu allir að njóta sín og áheyrendur heyrðu það sem við höfðum fram að færa, þurftum við að fá hljóðkerfi til að sjá um hljóðblöndun - EB-kerfi sáu um það. Lýsinguna réðum við ekki við. Þar voru möguleikarnir ON eða OFF. Við völdum að hafa kveikt í hálfum salnum en slökkt í hinum hlutanum til að búa til lágmarks stemmingu. Því miður lentu píanóleikarar í skugganum og sást aðeins í nótnalýsinguna í þeim hluta salarins. Þegar tónleikum lauk, var svo annað eins verk eftir við frágang og flutninga. Kennarar og stjórnendur voru því úrvinda eftir harkið, þó þeir væru allir ánægðir með tónleikana sjálfa sem voru vel undirbúningur og gengu eins og í sögu. Að auki er líka kostnaðarsamt að þurfa t.d. að leigja flutningabíla og hljóðkerfi og borga akstur kennara auk yfirvinnu.

Þessi aðstaða og aðbúnaður til tónleikahalds er auðvitað engan veginn í lagi og þetta er ekki í fyrsta sinn sem kennarar lyfta grettistaki í flutningum og burði á búnaði, svo allt það góða starf sem fram fer innan skólans fái notið sín. Það er ljóst að það er löngu kominn tími til að stíga metnaðarfull skref fram á veginn.

Hefðbundnir hausttónleikar tóku við um mánaðarmót nóvember/desember um alla sýslu, **jólaspilamennska** tók við í desember þar sem haldið var út um borg og bý að leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir samborgarana, á litlu jólum grunnskólanna, í messum og víðar **og jólaball Suzukideildar** var á sínum stað með jólatré, hljóðfæraleik, söng og góðgæti.

Jólakveðja Tónlistarskóla Árnesinga var tekin upp í desember að venju. Að þessu sinni var það rytmíska sveitin Villingarnir ásamt tveimur söngnemendum sem fluttu lagið *Þú komst með jólin til mín* eftir Cogliati og P. Cassano við texta Jónasar Friðriks Guðnasonar. Jólakveðjuna má sjá á facebooksíðu skólans.

Mið- og framhaldsdeildartónleikar voru haldnir í mars í Hveragerðiskirkju og sal skólans á Selfossi. Á þessum tónleikum má alltaf finna mikla orku og gaman að fylgjast með nemendum sem komnir eru á þennan stað í sínu tónlistarnámi.

Heimsóknir á hjúkrunarheimili á haustönn og hljóðfærakynningar í 2. bekk allra grunnskóla í sýslunni á vorönn eru fastir liðir í skólastarfinu. Deildarstjórar og kennarar skipta heimsóknum á milli sín.

Framundan eru svo ýmsir viðburðir og verkefni:

Píanóhringekjutónleikar verða haldnir 15. apríl kl. 18:00 (á morgun), í Hátíðarsal Stekkjaskóla. Hafa píanónemendur verið að æfa fjór- og sexhent lög á píanó síðustu vikur og spennandi að heyra árangur æfinganna.

Svæðistónleikar Nótunnar (uppskeruhátíð tónlistarskólanna á Suðurlandi, Suðurnesjum og Kraganum) verða haldnir í Salnum Kópavogi 18. apríl kl. 11:00 og 13:00. Þrjú atriði voru valin til að koma fram fyrir hönd Tónlistarskóla Árnesinga á tónleikunum. Allir komu nemendurnir fram á svæðistónleikum í febrúar í tilefni af Degi tónlistarskólanna. Flytjendur á Nótunni verða: Gunnlaugur Ernst Hákonarson á selló, Daníel Ingvarsson á saxófón og Söngfuglar skólans.

Smiðjuvika 4. – 8. maí. Kennarar stokka upp sína kennslu og bjóða nemendum upp á ýmis skemmtileg og gagnleg námskeið í staðinn þessa viku.

Skólaslit verða með hefðbundnum hætti á níu stöðum, dagana 21. – 27. maí. Á skólaslitum fléttast saman tónlistardagskrá og afhending prófskírteina.

Endurmenntunarferð til Rómar. 25 starfsmenn og 14 makar fljúga til Rómar 28. maí – 2. júní. Á dagskrá eru heimsóknir í tvo mjög spennandi skóla, þ.e. í Suzuki-Cesmi skólann og Santa Cecilia Conservatorio í Róm. (Það er Pamela De Sensi, fyrrum kennari við TÁ, sem hefur haft milligöngu um skólaheimsóknirnar). Þá skoðum við húsakynni Rómaróperunnar (Teatro dell'Opera) og sjáum óperuna Tancredi eftir Rossini. Við fáum einnig leiðsögn um miðborg Rómar og loks um bæinn Tivoli, sem eru á heimsminjaskrá UNESCO.

Rekstur skólans

Rekstur skólans var í góðu jafnvægi árið 2025 sem sjá má í ársreikningi. Nýir kjarasamningar tóku gildi í febrúar 2025 og nemendum hefur fjölgað aðeins á ný eftir covid-dýfuna, sem hefur áhrif til hækkunar m.v. áætlun 2025. Annað er í föstum skorðum.

14. apríl 2026
Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri